

ERINDISBRÉF

fyrir fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar.

1. gr.

Stjórnskipuleg staða

Fræðslunefnd heyrir undir sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar.

2. gr.

Skipan nefndarinnar

Í fræðslunefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Hvalfjarðarsveitar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Auk nefndarmanna á sveitarstjóri eða staðgengill hans og frístunda- og menningarfulltrúi rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá eiga skólastjórar grunnskóla og leikskóla ásamt fulltrúum kennara og foreldra barna í grunnskóla og leikskóla rétt til að sitja fundi fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt þegar málefni viðkomandi stofnana eru til umræðu. Nefndinni er auk þess heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

Fræðslunefnd kýs formann, varaformann og ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum nema sveitarstjórn ákveði annað.

Frístunda- og menningarfulltrúi er starfsmaður nefndarinnar.

3. gr.

Hlutverk

Fræðslunefnd fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflokkum sem undir hana falla. Um er að ræða verkefni skólanefndar skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, málefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, málefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, umsjón og eftirlit með framkvæmd skólaaksturs sbr. ákvæði reglugerðar um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009. Fræðslunefnd skal, eftir því sem við á, fylgjast með málefnum er varða framhaldsskóla og sveitarfélögin. Fræðslunefnd hefur umsjón með starfsemi félagsmiðstöðva og annarar frístundaadstöðu sem fellur undir umsjón skólastjóra. Fræðslunefnd skal fylgjast með og meta reglulega þörf fyrir rekstur frístundaheimilis sbr. ákvæði 33. gr. og 33a. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.

Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu, markmið og úrbætur í málaflokkum sem undir nefndina heyra.
- Að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar í málaflokkum sem falla undir verksvið nefndarinnar.
- Að hafa eftirlit með stofnunum sem heyra undir nefndina og fylgjast með því að þær vinni að settum markmiðum í samræmi við lög, reglugerðir, kjarasamninga, samþykktir og stefnu sveitarstjórnar og veiti góða þjónustu.
- Að veita sveitarstjórn umsögn um ráðningu skólalastjóra grunnskóla og leikskóla.
- Að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar svo og starfsáætlun hvers árs.
- Að fylgjast með og fjalla um málefni er snerta sí- og endurmenntun.

4. gr.

Starfshættir

Í störfum sínum skal fræðslunefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfsvið hennar heyra. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Hvalfjarðarsveitar eftir því sem við á eins og hún er hverju sinni.

Fræðslunefnd skal í upphafi kjörtímabils setja sér aðgerðaráætlun um meginmarkmið í starfsháttum og hvernig hlutverk nefndarinnar verði leyst á faglegan og skilvirkan hátt. Aðgerðaráætlun skal lögð fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Fræðslunefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma að jafnaði einu sinni í mánuði. Skal nefndin gera samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi sínum.

Frístunda- og menningarfulltrúi sér um að boða nefndina til fundar í samráði við formann hennar og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda hennar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til nefndarmanna, aðalmanna og varamanna, með tölvupósti og fundarboðið, dagskrá ásamt fylgigögnum er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa inn á fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður fræðslunefndar stýrir fundum nefndarinnar í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Hvalfjarðarsveitar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Nefndin skal halda gerðabók. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana.

Um ritun fundargerða skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, samanber auglýsingu þess efnis nr. 22/2013, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fundarboð og fundargerðir nefnda skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi t.d. One system og skal starfsmaður viðkomandi nefndar bera ábyrgð á eftirfylgni þessa ákvæðis.

Fundargerðum kemur frístunda- og menningarfulltrúi strax að fundi loknum til sveitarstjóra og sér hann um að hún verði lögð fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Frístunda- og menningarfulltrúi sendir fundarmönnum afrit af fundargerð nefndarinnar ásamt afgreiðslu sveitarstjórnar.

Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við. Formenn nefnda skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári t.d. í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar eða þegar verkefni nefnda skarast eða ef mál þarfnast umfjöllunar í fleiri en einni nefnd.

5. gr.

Eftirfylgni

Formaður fræðslunefndar og aðrir fulltrúar í nefndinni skulu, eftir því sem við á, snúa sér til frístunda- og menningarfulltrúa eða sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktar nefndarinnar.

6. gr.

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í fræðslunefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Hvalfjarðarsveitar.

Fulltrúa í nefndinni er skylt að sækja fund nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi í nefndinni á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann upplýsingum um efni þess til formanns eða sveitarstjóra a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund.

Fulltrúar í nefndinni skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglugerðum og samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar í atkvæðagreiðslu um málefni í fræðslunefnd.

Fulltrúar í fræðslunefnd hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið nefndarinnar og nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólki sveitarfélagsins.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og eiga að fara leynt samkvæmt lögum, eðli máls eða samþykktum 2/3 hluta fulltrúa í nefndinni, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúar í nefndinni skulu kynna sér vandlega lagareglur um hæfi til afgreiðslu einstakra mála. Fulltrúa í nefndinni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því og ef við á víkja af fundi við umræðu og afgreiðslu máls.

Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 23. mars 2021